

Nd.

341. Frumvarp til laga

[259. mál]

um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 29 29. apríl 1967.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hafi Alþingi veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun skal upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, varið þannig að jafnhá fjárhæð komi í hlut hvers þess listamanna sem valinn er. Nefndin ákveður hæð launanna áður en tillögur eru gerðar um hverjir skuli hljóta laun.

Verði ekki samkomulag í nefndinni um það hverjir skuli hljóta listamannalaun skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra sem tillaga hefur komið fram um að hljóta skuli launin. Skulu nefndarmenn merkja leynilega við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðlinum og ákveðið var að hljóta skyldu laun. Er kjörseðillinn ógildur ef merkt er við fleiri nöfn eða færri. Skulu þeir listamenn hljóta launin sem flest atkvæði fá.

Hafi Alþingi ekki veitt tilteknum listamönnum laun getur nefndin í upphafi starfs síns ákveðið að veita sérstök laun er séu hærri en laun þau sem hér er gert ráð fyrir og dregst þá heildarupphæð þeirra launa frá heildarfjárveitingu þeirri sem nefndin úthlutar samkvæmt reglum þessarar greinar.

2. gr.

Við lögina bætist ný grein er verði 4. gr. svohljóðandi:

Laun samkvæmt lögum þessum skulu ekki skerða rétt elli- eða örorkulífeyrisþega til uppbótar á lífeyri skv. 19. gr. laga nr. 67 20. apríl 1971.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Efni frumvarps þessa er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að neðri flokkur listamannalauna verði felldur niður en það er í samræmi við ábendingu úthlutunarnefndar listamannalauna sem fram kom í bréfi sem formaður hennar, Bolli Gústavsson, skrifaði forseta sameinaðs Alþingis 30. okt. s.l. Í bréfinu segir m.a.:

„Nefndarmenn urðu sammála um að ekki væru forsendur fyrir úthlutun listamannalauna miðað við óbreytta fjárveitingu. Sú venja hefur haldist frá upphafi að þeir listamenn, sem valdir hafa verið í efra flokk, haldi þeim sessi. Þar sem fjárveitingar hafa verið naumar hefur nefndin tekið þann kost að fækka stöðugt í neðra flokki þannig að lengra verður ekki gengið ef fullnægja á lagaskyldu. Nefndarmenn telja að ekki standi efni til annars en láta efra flokk óbreyttan meðan nýskipan listamannalauna hefur ekki verið tekin upp, en neðri flokkur falli niður. Til þess þarf lagabreytingu.“

Með þessu frumvarpi er sem sagt lagt til að neðri flokkurinn falli niður en úthlutunarnefnd starfi áfram eins og lög standa til.

Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að listamannalaun samkvæmt lögum þessum rýri ekki rétt aldraðra listamanna til tekjutryggingar almannatrygginga sem er réttlæismál.